

Starfssamningur milli Grímsnes- og Grafningshrepps og Hjálparsveitarinnar Tintron

Grímsnes- og Grafningshreppur (sveitarfélagið), kt 590698-2109, og Hjálparsveitin Tintron (Tintron), kt. 490487-1319, gera með sér svofelldan samning um eflingu öryggis-, hjálpar- og æskulýðsstarfs í sveitarfélaginu:

I. Inngangur

Tilgangur – Með samningi þessum er lögð áhersla á mikilvægi Tintron sem viðbragðsaðila á svæðinu sem og þess forvarna- og félagsstarfs sem fram fer innan félagsins fyrir samfélagið í heild. Til þess að félagið geti rækt hlutverk sitt styrkir Grímsnes- og Grafningshreppur félagið árlega með beinum og óbeinum fjárframlögum auk þess sem félagið tekur að sér fyrir sveitarfélagið tiltekin afmörkuð verkefni gegn greiðslu.

Markmið – Sveitarfélagið og Tintron eru sammála að starf Tintron eigi að vera áfram til fyrirmyndar á landsvísu og boðið verði upp á starf fyrir ungmenni, eftir atvikum í samstarfi við aðrar björgunarsveitir. Skipulag og starfsemi félagsins verði góð ásamt ábyrgri fjármálastjórn. Félagsmenn séu ávallt til fyrirmyndar og bæði félaginu og sveitarfélaginu til sóma.

Forsvar – Samningsaðilar eru sammála um að stjórn Tintron fari með öll samskipti milli Tintron og sveitarfélagsins. Sveitarstjóri verði tengiliður af hálfu sveitarfélagsins og formaður Tintron verði tengiliður af hálfu Tintron. Öll erindi Tintron til sveitarfélagsins skulu send sveitarstjóra formlega. Sveitarfélagið skal svara erindum formlega eins fljótt og kostur er.

Samvinna og samráð – Samningsaðilar eru sammála um að náið samráð og samvinna verði með aðilum á samningstímanum.

Framsal – Tintron er óheimilt að framselja til þriðja aðila þau verkefni sem tilgreind eru í II. kafla samnings þessa nema með leyfi sveitarfélagsins.

II. Verkefni og andvirði þeirra

Í samningi þessum tekur Tintron að sér eftirfarandi verkefni; Greiðslur skilgreindar nánar í fylgiskjali 1.

- a) *Rekstarstyrkur* – Innan Tintron er unnið öflugt sjálfboðaliðastaf og er framlag sjálfboðaliða ómetanlegt fyrir sveitarfélagið og samfélagið allt. Vegna þess umfangsmikla starfs sem er á vegum Tintron leggur sveitarfélagið til rekstrarstyrk til að styðja við starf félagsins. Hluti styrksins er eyrnamerkur ungmennastarfinu.

Andvirði a-liðar er **kr. 855.000,-** fyrsta árið, 910.000,- annað árið og 965.000,- þriðja árið þar af er kr. 105.000,- ráðstafað í ungmennastarfið, og eftirstöðvum í annan rekstur. Stjórn Tintron er heimilt að leggja meira til ungmennastarfsins af þessum fjármunum kjósi hún það.

- b) *Áramót á Borg* – Tintron tekur að sér að undirbúa, skipuleggja og stjórna flugeldasýningu á Borg um hver áramót. Tintron skal sjá um kaup á flugeldum, umsjón og ábyrgð með flugeldasýningu og umsjón og ábyrgð með áramótabrennu.

Andvirði b-liðar er **kr. 50.000,-**.

- c) *Uppsetning jólastkrauts á ljósastaura og jólatré á Borg* – Tintron tekur að sér uppsetningu á jólastkreytingum á ljósastaura og jólatré á Borg.
Kostnaður verkefnisins tekur mið af 40 ljósastaurum og 7 metra jólatré.

Andvirði c-liðar er kr. **350.000,-**.

- d) *Hagnýt námskeið/fræðsla* – Tintron tekur að sér að halda eitt námskeið ár hvert, sem opið er íbúum sveitarfélagsins.

Andvirði d-liðar er kr. **50.000,-**.

- e) *Styrkur til reksturs fasteignar* – Tintron á og rekur Hraunbraut 2 (Fasteignanúmer F2249982). Sveitarfélagið greiðir Tintron árlegan styrk sem nemur fasteignagjöldum eignarinnar. Áætlað **410.000,-** á ári.

Jafnframt greiðir sveitarfélagið Tintron árlegan styrk að fjárhæð allt að kr. **200.000,-** vegna heitavatsnotkunar við kyndingar fasteignarinnar.

Reynist heitavatsnotkun Tintron umfram 200.000 kr. á ári greiðir Tintron það sem út af stendur. Tintron skuldbindur sig til að halda umhverfi fasteignarinnar að Hraunbraut 2 snyrtilegu og gæta þess að ekki safnist þar fyrir rusl eða þess háttar.

Andvirði e) liðar er kr. **610.000** miðað við árið 2023.

- f) *Sérstakur styrkur vegna viðhalds húsnæðis. Á ári hverju út samningstímann greiðast kr. 500.000 vegna viðhalds á húsnæði í eigu Tintron.*

III. Íþróttamannvirki

- a) *Ókeypis í sund* – Sveitarfélagið veitir ókeypis aðgang að sundlaug sveitarfélagsins í eftirfarandi tilvikum:
- 1) Þátttakendum á námskeiðum á vegum Tintron sem haldin eru í sveitarfélaginu þann dag/ þá daga sem viðburðurinn stnedur yfir.
 - 2) Þátttakendum í æfingabúðum í sveitarfélaginu sem skipulagðar eru af Tintron þann dag/ þá daga sem æfingabúðir standa yfir.
 - 3) Félagsmönnum Tintron sem eru að koma úr lengri útköllum. Formaður félagsins lætur forstöðumann sundlaugar vita af komu þeirra svo fljótt sem auðið er.

Tintron skal tilkynna með góðum fyrirvara um mót/viðburði sem tilgreind eru í liðum 1 og 2 til forstöðumanns sundlaugar ásamt upplýsingum um áætlaðan fjölda gesta og komutíma.

Tintron skal tryggja að þátttakendur geri með fullnægjandi hætti grein fyrir sér í afgreiðslu sundlaugarinnar. Starfsmenn sundlaugarinnar skulu skrá fjölda þáttakenda einstakra viðburða sem notfæra sér boð um ókeypis sundferð þannig að ávallt liggja fyrir fjöldi heimsókna og kostnaður sveitarfélagsins við þennan lið samningsins.

IV. Almenn ákvæði

- a) *Gildistími* – Þjónustusamningur þessi gildir frá undirritun til ársloka 2025.
- b) *Greiðslur* – Greiðslur í samningi þessum skulu greiðast samkvæmt fylgiskjali 1 og greiðsludreifingu hvers árs. Komi til þess að sveitarfélagið óski eftir frekari vinnu/þjónustu við

framangreinda verkliði en þar er tilgreind eða um ný verkefni er að ræða skal samið um það sérstaklega.

- c) **Ágreiningur** – Komi til ágreinings varðandi skilning á samningi þessum eða fylgiskjöllum hans getur hvor aðili um sig skotið slíkum ágreiningi til úrskurðar gerðardóms, sem þannig sé skipaður: Hvor aðili um sig tilnefnir einn mann í dóminn, en sýslumaðurinn á Suðurlandi tilnefnir oddamann. Komi til málshöfðunar út af samningi þessum, er hvorum aðila um sig heimilt að sækja málið fyrir Héraðsdómi Suðurlands.
- d) **Endurskoðun** – Hvorum aðila um sig er heimilt að óska eftir endurskoðun samningsins í heild eða einstökum liðum ef upp koma hugmyndir um nýjungar, ný verkefni eða forsendur breytast verulega. Beiðni um endurskoðun skal gerð með að minnsta kosti þriggja mánaða fyrirvara. Kröfu um endurskoðun verður að koma á framfæri við sveitarfélagið áður en árleg vinna við fjárhagsáætlun hefst og eigi síðar en 1.september. Við sérstakar aðstæður er hægt að endurskoða þennan samning án fyrirvara að gefnu samþykki beggja aðila. Komi fram beiðnir um endurskoðun einstakra liða gildir samningurinn óbreyttur þar til ný samningsákvæði hafa verið samþykkt af báðum aðilum.
- e) **Riftun** – Verði annar hvor aðili samnings þessa uppvís af því að brjóta gróflega eða ítrekað ákvæði samnings þessa, eða um er að ræða stórfelldar vanefndir á samningum eða forsendur samningsins breytast verulega getur hinn aðilinn krafist tafarlausrar riftunar. Tilkynning um riftun skal vera skrifleg og fellur samningurinn úr gildi mánuði eftir að slík krafa hefur borist riftunarpola. Frá og með þeim tíma falla úr gildi allar skyldur og réttindi aðila.
- f) **Eftirlit** – Eftirlit með samningi þessum er í höndum sveitarstjóra. Tintron skuldbindur sig til að skila ársreikningi félagsins til sveitarfélagsins, eigi síðar en viku eftir aðalfund félagsins, ár hvert. Til viðbótar ársreikningi skal fylgja ítarleg skýrsla um nýingu fjármunanna og annáll yfir starf félagsins.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor samningsaðili sínu eintaki. Til staðfestingar undirrita samningsaðilar samning þennan í viðurvist tveggja vitundarvotta.

Borg, _____ 2023

f.h. Hjálparveitarinnar Tintron

f.h. Grímsnes- og Grafningshrepps

Vottar að rétttri dagsetningu og undirskrift:

Nafn

Kennitala

Nafn

Kennitala

Fylgiskjal 1

Greiðslur til Hjálparveitarinnar Tintron á samningstímanum 2023-2025

	2023	2023	2023
Þjónustusamningur			
Rekstrarstyrkur	750.000	800.000	850.000
Ungmennastarf	105.000	110.000	115.000
Flugeldasýning	50.000	50.000	50.000
Jólaskraut	350.000	350.000	350.000
Skyndihjálparnámskeið	50.000	50.000	50.000
Samtals:	1.305.000	1.360.000	1.415.000
Millifærslur			
Fasteignagjöld, áætlað	410.000	410.000	410.000
Heitavatnskostnaður, allt að	200.000	200.000	200.000
Samtals:	610.000	610.000	610.000
Heildarupphæð:	1.915.000	1.970.000	2.025.000

Sérstakur styrkur vegna viðhalds húsnæðis	
Árið 2023	500.000
Árið 2024	500.000
Árið 2025	500.000

Heildar greiðslur út samningstímann	
Árið 2023	2.415.000
Árið 2024	2.470.000
Árið 2025	2.525.000